

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Ár 2004, fimmtudaginn 4. mars, er Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála saman komin að Vegmúla 2, Reykjavík, til þess að kveða upp úrskurð í ágreiningsmáli nr. 1/2004.

Landssími Íslands hf.

gegn

Póst- og fjarskiptastofnun

Nefndina skipa: Ólafur Garðarsson hrl. formaður og meðnefndarmennirnir Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Kárason verkfræðingur.

Fyrir nefndinni liggur kæra frá Landssíma Íslands hf. (LÍ), dags. 5. desember 2003, þar sem kærður er hluti ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 7. nóvember 2003, er fjallaði um reiki milli LÍ og Og fjarskipta hf. (OGF). Nánar tiltekið lýtur kæran að grein 4.12., og að greinum 4.2., 4.3., 4.4., 4.8., 4.10. og 4.11. í ákvörðunarorðum hinnar kærðu ákvörðunar.

Kröfur LÍ eru eftirfarandi:

1. Krafa um frávísun

LÍ krefst þess aðallega að úrskurðarnefndin felli úr gildi ákvörðunarorð í grein 4.12. þar sem PFS hafnar kröfu LÍ um frávísun. Þess er krafist að nefndin taki til greina kröfu LÍ um frávísun á öllum kröfum varðandi reikjaðgang á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

2. Kröfur er lúta að efnisatriðum

Til vara krefst LÍ, verði ekki fallist á frávísunarkröfu hér að framan, að úrskurðarnefndin felli úr gildi eftirfarandi greinar í hinni kærðu ákvörðun í heild eða að hluta og taki nýja ákvörðun eða leggi fyrir PFS að taka nýja ákvörðun í samræmi við eftirfarandi kröfugerð:

2.1 Grein 4.2 um ákvörðun reikisvæða

Krefst LÍ þess aðallega að nefndin felli úr gildi ákvörðunarorð PFS í 4.2. gr. hinnar kærðu ákvörðunar og ákvarði jafnframt reikisvæði til samræmis við kröfugerð LÍ fyrir PFS, sbr. bréf LÍ dags. 22. september 2003 og 15. október 2003.

Til vara krefst LÍ að nefndin felli úr gildi ákvörðunarorð í 4.2. gr. hinnar kærðu ákvörðunar og leggi fyrir PFS að ákvarða reikisvæði með því að taka tillit til tekna af samtengigjöldum þegar ákvarðað er hvort svæði séu hagkvæm, ásamt því að lúta til eðlis og umfangs fjárfestingar fyrir fyrirtækið í heild.

2.2 Grein 4.3. um aðlögunartíma

Krefst LÍ þess aðallega að sá hluti ákvörðunarorða í 4.3. gr. í hinni kærðu ákvörðun, sem mælir fyrir um aðlögunartíma OGF til ársloka 2005, verði felldur úr gildi.

Til vara er þess krafist, verði fallist á aðlögunartíma, að þá verði hann gagnkvæmur, þ.a. að LÍ sé ekki skylt að bjóða reiki inni á nýjum sendum í þrjú ár frá því þeir voru settir upp, þótt lagaskilyrði til reikis séu að öðru leyti talin vera fyrir hendi, miðað við alla senda sem settir voru eða verða upp eftir 1. maí 2003.

2.3 Grein 4.4. um reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum

Þess er krafist aðallega að nefndin felli úr gildi ákvörðun í 4.4. gr. um reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum.

Til vara er þess krafist, verði fallist á reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum, að LÍ verði ekki skylt að bjóða reiki þar í þrjú ár frá því sendarnir voru settir upp.

2.4 Grein 4.8. um aðgang að GPRS þjónustu.

Þess er aðallega krafist að nefndin felli úr gildi ákvörðun í 4.8. gr. um að LÍ skuli veita OGF aðgang að GPRS þjónustu.

Til vara er þess krafist að Símanum sé ekki skylt að bjóða upp á aðgang GPRS þjónustu fyrir en að þrem árum liðnum frá því GPRS er sett á sendi LÍ.

2.5 Grein 4.10. um slitlaust reiki.

Þess er krafist að nefndin felli úr gildi ákvörðun í 4.10. gr. um að LÍ skuli bjóða upp á slitlaust reiki (seamless roaming) og ákveði þess í stað að LÍ sé ekki skylt að bjóða upp á slitlaust reiki.

2.6 Grein 4.11. um senda inni á reikisvæðum

Þess er krafist að nefndin felli úr gildi ákvörðun í gr. 4.11.

Í greinargerð PFS, dags. 15. janúar 2004, krefst stofnunin að kröfum kæranda verði hafnað og að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Athugasemdir bárust einnig frá lögmanni OGF, sbr. greinargerð dags. 15. janúar 2004.

Sú ákvörðun var tekin af nefndinni að aðild að ágreiningsmáli þessu skyldi háttáð þannig að LÍ yrði sóknaraðili en PFS varnaraðili. Var OGF gefin kostur á að koma að sjónarmiðum sínum án þess þó að teljast beinn aðili að málinu. Þann 5. febrúar sl. fór fram munnlegur málflutningur fyrir nefndinni, þar sem mætt voru fyrir hönd LÍ, Auður Inga Ingvarsdóttir, lögfr. og Páll Jónsson, fyrir hönd PFS Friðrik Pétursson, Bjarni Sigurðsson og Ari Jóhannsson og fyrir hönd OGF Ragnar Aðalsteinsson hrl. og Geir Ragnarsson. Gerðu aðilar grein fyrir kröfum sínum, rökstuddu þær og svöruðu spurningum nefndarmanna. Að loknum málflutningi var ágreiningsmálið tekið til úrskurðar.

1. Málavextir

Málavextir eru þeir helstir að LÍ og Tal hf. gerðu með sér samning, dags. 23. október 2000 um reiki á ákveðnum svæðum. Síðar bauðst Íslandssíma hf. sambærilegur samningur og enduðu samningaviðræður fyrirtækjanna með því að tveir samningar voru gerðir, annars vegar samningur dags. 14. nóvember 2000 og hins vegar samningur dags. 1. febrúar 2001 en samningar þessir hafa aðila á milli gengið undir nöfnunum “skyldureikisamningar” og “þjónustureikisamningar”. Þann 1. júlí 2001 undirrituðu svo LÍ og Tal hf. reikisamning sem var takmarkaðri en samningurinn við Íslandssíma hf., enda var þá uppbygging Tals hf. um landið meiri en Íslandssíma hf.

Með bréfi dags. 30.12.2002 óskaði Íslandssími hf. eftir því að þjónustureikisamningi yrði breytt á þann veg að hann næði aðeins til 7 senda af þeim 53 sem samningurinn hafði áður náð yfir og að sú breyting tæki gildi eigi síðar en 1. júlí 2003. Síðar óskaði Íslandssími hf. eftir fresti á gildistöku uppsagnarinnar og var af hálfu LÍ fallist á þá frestbeiðni.

Með bréfi LÍ til Íslandssíma hf., dags. 28. apríl 2003, var hins vegar öllum reikisamningum við Íslandssíma hf. og Tal hf. (sem þá höfðu runnið saman í félagið Og fjarskipti hf.) sagt upp með samningsbundnum sex mánaða fyrirvara.

Nokkrir fundir voru í kjölfarið haldnir milli félaganna þar sem árangurslaust reyndist að ná samkomulagi um reiki. Þegar aðilar töldu ljóst að ekki næðist samkomulag milli þeirra um skilgreiningu reikisvæði var ágreiningnum vísað til PFS sbr. bréf dags. 20. ágúst 2003. Lauk PFS málinu með ákvörðun dags. 7. nóvember 2003. Með bréfi dags. 5. desember 2003 kærði LÍ ákvörðun PFS til Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Er hér um að ræða kæru þá sem til skoðunar er í máli þessu.

2. Málástæður Landsíma Íslands hf.

Fyrir nefndinni byggði LÍ kröfur sínar á eftirfarandi rökum:

2.1 Um frávisunarkröfu

Af hálfu LÍ er byggt á því að tilskipanir þær, sem hinum nýju fjarskiptalögum nr. 81/2003 er ætlað að innleiða, hafi enn ekki verið teknar upp í EES-samninginn. Að EES rétti gildi því hinar eldri tilskipanir, þ.m.t. samtengitilskipunin nr. 97/33/EB. Nánar segir í kæru LÍ:

Síminn byggir á því að regla 35. gr. fjarskiptalaga gangi lengra en ákvæði eldri fjarskiptatilskipana ESB og EES, en þar var hvergi minnst á skyldu til innanlandsreikis. Raunar brýtur reglan einnig gegn þeim yngri fjarskiptatilskipunum, sem nýju lögunum var ætlað að innleiða. Af þessari ástæðu beri að hafna kröfu um reiki á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga.

Telur LÍ að með þessu ákvæði sé brotið gegn markmiði EES-samningsins um einsleitni á þeim markaði sem hann tekur til, en þessi sjónarmið séu sérstaklega undirstrikuð í aðfararorðum EES samningsins og 1. gr. samningsins. Þá segir jafnframt í kæru LÍ:

Síminn hefur byggt á því að EES samningurinn hafi bein lagaáhrif í íslenskum rétti og að Síminn geti byggt á efni samningsákvæðanna til

stuðnings rétti sínum, en samningurinn var lögfestur að íslenskum rétti með lögum nr. 2/1993. Hæstiréttur hefur talið eðlilegt að löginn sem lögfesta meginmál samningsins séu skýrð svo að einstaklingar og lögaðilar eigi kröfu til þess að íslenskri löggjöf sé hagað til samræmis við EES-reglur, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 236/1999, íslenska ríkið gegn Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur. Takist það ekki leiði það af lögum nr. 2/1993 og meginreglum og markmiðum EES-samningsins að stofnast geti skaðabótaskylda að íslenskum rétti.

Síminn hefur jafnframt byggt á því, að samkvæmt bókun 35 við EES samninginn eru lögfest forgangsáhrif EES réttar. Þessa regla á að tryggja samræmda túlkun og beitingu EES reglna á öllu efnahagssvæðinu. Efnislega hljóðar reglan á þá leið að til þess að ná markmiðum um einsleitni á svæðinu skuldbinda EFTA ríkin sig til að setja í lög, ef nauðsyn krefur reglu sem tryggi EES reglum forgangsáhrif fram yfir aðrar reglur landsréttar. Á Íslandi hefur bókun 35 verið framfylgt með ákvæði 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska Efnahagssvæðið. En hún hljóðar svo: “Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja.”

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska Efnahagssvæðið ber að skýra fjarskiptalöginn til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Í þessu tilviki skal skýra löginn til samræmis við markmið EES samningsins, sbr. 1. gr. hans og fjarskiptatilskipanir sem settar eru með stoð í honum. Þar sem 35. gr. fjarskiptalaga gengur lengra en eldri og yngri fjarskiptatilskipanir og stangast þannig á við reglur EES réttarins, verður ekki á henni byggt til að ákvarða um reikiaðgang.

Því næst vikur LÍ nokkrum orðum að forsendum þeirrar ákvörðunar PFS að vísa frá kröfu LÍ um frávísun málsins á grundvelli rangrar innleiðingar á EES- rétti, en stofnunin taldi sig engar heimildir hafa að lögum sem nauðsynlegar væru til þess að kveða upp úr um það hvort ákvæði 35. gr. fjarskiptalaga samræmist EES-samningnum eða ekki. Því næst segir:

Að mati Símans misskilur stofnunin heimildir og skyldur á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæðið. Stjórnvöld á borð við Póst- og fjarskiptastofnun, og þar af leiðandi einnig úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, hafa ekki einasta heimild, heldur beinlínis skyldu til að beita ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið með þeim hætti að „gera allar almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningnum leiðir.“, sbr. 3. gr. samningsins, en sem fyrr segir hefur meginmál hans, þ.m.t. tilvitnuð grein, verið lögfest með lögum nr. 2/1993. Jafnframt segir í tilvitnaðri grein að samningsaðilar skuli varast ráðstafanir sem teflt geti því í tvísýnu að markamiðum samningsins verði náð.

Regla þessi hefur verið nefnd meginreglan um trúnað (e.solidarity) og á sér einnig stoð í efnislega samhljóða ákvæði 10. gr. (áður 5. gr.) Rómarsamningsins. Trúnaðarskyldan nær til hinna þriggja þátta ríkisvaldsins, þ.e. löggjafa-, dóms- og framkvæmdavalds. Stefán Már

Stefánsson tiltekur til að mynda sérstaklega að yfirvöld á sviði samkeppnismála skuli vera til aðstoðar með margvíslegum hætti þegar samkeppnisreglum EES er beitt og að þessi regla leiði af 3. gr. EES samningsins.

Nákvæmlega sömu rök leiða til þess að yfirvöld fjarskiptamála skuli beita ákvæðum EES samningsins með þeim hætti að þeir tefli ekki í tvísýnu markmiðum samningsins. Sem fyrr segir er markmiðinu um einsleitt Evrópskt efnahagssvæði ljóslega teflt í tvísýnu með því að leitast ekki við að skýra reikiákvæði íslenskra fjarskiptalaga til samræmis við fjarskiptareglur EES samningsins, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993. Póst- og fjarskiptastofnun átti því með réttu að beita þessari lögfestu lögskýringarreglu.

Takist ekki að skýra reikiákvæði 35. gr. fjarskiptalaganna til samræmis við fjarskiptareglur EES samningsins, getur stofnast skaðabótaskylda að íslenskum rétti, sbr. dómur Hæstaréttar í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur, vegna ófullnægjandi innleiðingar hlutaðeigandi tilskipana. Áskilur Síminn sér allan rétt í því sambandi

2.2 Grein 4.2 um ákvörðun reikisvæða

LÍ byggir aðalkröfu sína um ógildingu á gr. 4.2 í ákvörðun PFS á því að forsendur stofnunarinnar fyrir hagkvæmnismati séu haldnar verulegum ágalla.

Meginrök LÍ fyrir ógildingarkröfunni eru þau að af hálfu PFS hafi ekkert tillit verið tekið til tekna OGF af reikiumferð, þegar ákvörðun um hagkvæmni senda/svæða var tekin. Þetta komi fram í bréfi PFS dags. 25. nóvember 2003 þar sem komi fram að ekkert tekjumódel hafi verið lagt til grundvallar ákvörðuninni. Um þetta segir nánar í kærú LÍ:

Síminn telur þær forsendur fyrir ákvörðun PFS að miða eingöngu við kostnað ónothæfar. Kostnaður pr. mínútu segir ekkert um það hvort ráðist verði í uppsetningu stöðva eða ekki. Svo virðist sem PFS byggi á þeirri fáheyrdðu og fordæmalausu aðferð við uppbyggingu viðskiptaáætlunar, að líta einungis til gjaldahliðar en horfa alfarið framhjá þeim tekjum sem gera má ráð fyrir að falli til. Þess í stað er gripið til tilviljunarkenndrar aðferðar um kostnaðarviðmið, sem á sér enga stoð í lögum eða þeim raunveruleika sem fjarskiptafyrirtæki og viðskiptalífið í heild býr við þegar metið er hvort hagkvæmt þyki að leggja í tiltekna fjárfestingar.

Ef edlilegt væri að miða við hæsta kostnað pr. mínútu á þeim stöðum sem Og fjarskipti rekur sendi, hefði stofnunin átt að kanna kostnað á sendi OGF í hlíðum Vaðlaheiðar, Fnjóskadalsmegin, en með tilliti til þess að þar er lítil umferð er kostnaður pr. mínútu væntanlega mjög hár á þeim stað. Er þetta nefnt til að undirstrika afleiðingar þess að miða við kostnað á tilteknum stað án þess að líta til annarra þátta.

Einnig skal á það bent, að ef miða ætti við hæsta kostnað á þeim stöðum sem OGF reka senda, hefði OGF í raun sjálfðæmi um það hvenær Símanum væri skylt að opna fyrir reiki á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga.

OGF myndu einfaldlega taka óhagkvæmustu sendana úr rekstri og stilla kostnaði sínum í hóf. Með þeirri aðgerð myndu OGF ekki einungis draga úr eigin kostnaði heldur knýja fram reikiskyldu helsta samkeppnisaðila. Augljóslega gengur slíkt fyrirkomulag ekki upp.

Eina rökrétta viðmiðunartalan eru þær tekjur sem OGF hefur af netkerfi sínu. Á þetta benti Síminn undir rekstri málsins, sbr. t.d. texti á bls. 1 í líkani fyrir útreikning á kostnaði, sem fylgdi bréfi Símans til PFS, dags. 10.10.2003.

Þegar viðbótartekjur eru lægri en viðbótarkostnaður má draga þá ályktun að óhagkvæmt sé reka þar sendi. OGF hefur verið útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild. Þessi útnefning hefur í för með sér ýmsar kvaðir og skyldur á fyrirtækið, þ.m.t. aðgreiningu í bókhaldi. Þegar hagkvæmnismörk eru fundin er það mat Símans að það eigi að miða við tekjur á sama sölustigi og reikið, þ.e. Heildsölustig. Að sama skapi geta verðávarðanir á smásölustigi engu skipt við þessa útreikninga.

Á heildsölustigi stafa tekjur OGF af samtengigjöldum. Samtengigjöld OGF eru nú 13,5 kr. á mínútu á daginn og 11,15 kr. á mínútu á kvöldin. Um helmingur símtala er á dagtaxta. Þannig hljóta hagkvæmnismörk OGF að vera $(13,5+11,15)/2$ eða 12,33 kr. á mínútu.

Af framansögðu telur Síminn ljóst að þar sem mikilvæga þætti vantar í forsendur PFS fyrir ákvörðun um þá staði sem skylda ætti reikiaðgang valdi það ógildingu ákvörðunar PFS í gr. 4.2. Að auki telur Síminn að PFS hafi ekki látið OGF bera sönnunarbyrðina af því að sýna fram á að ekki verði ráðist í uppsetningu stöðva og styðji það ennfremur við ógildingu á ákvörðun PFS í gr. 4.2.”

Því næst rekur LÍ forsendur sem fyrirtækið telur að byggja eigi ákvörðun á hvort ráðist verði í uppsetningu senda:

Síminn telur að ákvæðið [35. gr. fjarskl.] feli í sér mjög ströng skilyrði fyrir skyldu til reikisamninga. Það verði hreinlega ekki ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðva eða –nets vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar. Síminn telur að túlka beri ákvæðið þannig að eingöngu eigi að skylda reikiaðgang þegar kostnaður við uppsetningu er svo mikill að hann hefur áhrif á rekstur fyrirtækisins í heild, en ekki sé nægilegt að sýna framá að arðsemi sé lítil eða jafnvel engin á viðkomandi sendi. Þessi skýringarkostur er að sínu leyti í samræmi við þá skoðun PFS í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar, að líta verði til „heildar umfangs allrar þeirra fjárfestingar sem aðili þarf að leggja í við uppbyggingu á eigin neti“, sbr. kafli 3.5.9 í hinni kærðu ákvörðun. Síminn byggir einnig á því að sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem krefst reikiaðgangs.

Síminn byggir, sem fyrr segir, á því að þar sem Og fjarskipti er með umtalsverða markaðshlutdeild og um er að ræða útreikning á hagkvæmni farsímanets á einstökum stöðum hlýtur að þurfa að miða við samtengiverð OGF sem er um 12,33 kr. eins og fram hefur komið. Ef viðbótarkostnaður

við uppsetningu stöðvar er undir viðbótartekjum þá teljist það arðsamt að setja þar upp farsímastöð.

Setur LÍ því næst upp töflu yfir kostnað miðað við ákveðnar forsendur. Síðan segir:

Miðað við þær upplýsingar sem Síminn hefur um forsendur PFS sést svo ekki sé um villst að á þeim stöðum þar sem neikvæð arðsemi er af rekstri stöðvarinnar þá er um svo lágar fjárhæðir að ræða að það ætti ekki að hafa áhrif á rekstur OGF að setja upp sendi á þeim stöðum. Yfirlitið hér að ofan sýnir kostnað pr. mín, miðað við þann fjölda mínútna sem fór í gegnum viðskiptavini OGF á þessum stöðum. Síminn bendir hér á að eðlilegt er að gera ráð fyrir hærri mínútuþjölda þar sem markaðshlutdeild OGF fer sífellt vaxandi. Þrátt fyrir að einungis sé miðað við mínútur síðastliðins árs þá sýnir það glögglega að þær fjárhæðir sem um er rætt eru óverulegar miðað við veltu OGF. Þar sem kostnaður umfram tekjur pr. mín. er hæstur (Brekka) er umframkostnaðurinn aðeins rúmlega 2 millj. kr. á ári eða tæplega 0,04% af heildartekjum OGF. Hæsti umframkostnaðurinn er á Háfelli, Klaustri og Hunkubakka, en þar er hann tæpar 4 millj. kr. á ári, eða 0,06% af heildartekjum OGF.

Jafnvel þótt eingöngu væri miðað við veltu OGF af farsímarekstri, væri þessi umframkostnaður áfram mjög óverulegur, en skv. kynningu OGF á vef Kauphallarinnar, nemur velta af farsímarekstri 61% af heildarveltu fyrirtækisins.

Þegar allir staðirnir eru skoðaðir í heild sést að umframtekjur eru tæpar 17,8 millj. kr. á ári, sbr. tafla um yfirlit um kostnað hér að ofan.

Af framansögðu telur Síminn liggja beint við að hafna beri kröfu OGF alfarið á grundvelli þess að um fáa óhagkvæma staði er að ræða og kostnaðarauki af þeim er óverulegur og hefur ekki veruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins í heild. Skilyrði fjarskiptalaga, um að eðli og umfang fjárfestingar valdi því að ekki verði ráðist í uppsetningu og rekstur, er ekki uppfyllt. Að auki er að mati Símans skilyrði 35. gr. fjarskiptalaga um eflingu virkrar samkeppni þannig fremur uppfyllt ef samkeppni ríkir í innviðum fjarskipta, þar sem það færir neytendum aukna valkosti bæði í þjónustu og dreifikerfi. Það virkar hins vegar letjandi á þann sem byggir upp stöð ef hann þarf að veita keppinaut aðgang. Ef niðurstaða PFS verður staðfest leiðir það til þess að á 90% af flatarmáli landsins verður reikiaðgangur skylda. Það leiðir aftur til þess að verulega dregur úr líkum á því að byggt verði upp á þessu svæði.

Varakröfu sína byggir LÍ á því að þar sem forsendur PFS fyrir ákvörðun um reikisvæði séu haldnar svo miklum annmarka beri nefndinni að ógilda ákvörðun PFS og senda þeim aftur til ákvörðunar með þeim fyrir mælum að þeim beri að taka tillit til tekjuforsendna. Vísar LÍ að öðru leyti til sömu raka og fylgja aðalkröfu.

2.3 Grein 4.3 um aðlögunartíma

LÍ byggir aðalkröfu sína um að gr. 4.3. í ákvörðunarorðum hins kærða úrskurðar verði felld úr gildi á því að PFS beiti „...ólögmæltum og þar með ólögmætum skilyrðum við

ákvörðun um að veita OGF aðlögunartíma til 2005.” Nánar segir í rökstuðningi LÍ hvað varðar þennan lið:

Síminn byggir á því að PFS viðurkennir að hagkvæmt sé fyrir OGF að byggja upp net á þessum svæðum (Ísafirði, Arnarnesi, Hnjúkum, Sauðarkróki, Hegranesi, Egilsstöðum, Hafrafelli og Gagnheiði, Höfn og Nesjum). Þar með hafi stofnunin viðurkennt að skilyrði 35. gr. fyrir reikiskyldu séu ekki fyrir hendi. Þrátt fyrir það ákveður stofnunin að skylda Símann til að veita OGF reiki í ríflega tvö ár. Síminn telur að við ákvörðun um “aðlögunartíma” sé byggt á ólögæmtu og þar með ólögæmtu sjónarmiði. Í 35. gr. fjarskiptalaga eru að mati Símans tæmandi talin upp skilyrði fyrir reikiskyldu og Síminn telur að óheimilt sé að bæta við nýjum skilyrðum, sem þar að auki er íþyngjandi fyrir þann sem ákvörðunin beinist að. Við ákvörðun um hvort reiki skuli skyldað ber að líta til lögfestra sjónarmiða sem nægileg eru til að byggja ákvörðun á. Eðli máls og sanngirni eru lögskýringarsjónarmið sem einvörðungu skal beita ef aðrar réttarheimildir eru ekki fyrir hendi. Síminn telur það einnig ólögæmt byggja reikiskyldu á því sjónarmiði að sá sem ákvörðunin beinist að hafi fengið greitt fyrir reikið, þau sjónarmið hafa enga stoð í 35. gr. fjarskiptalaga. Enn síður telur Síminn unnt að byggja reikiskyldu á upplýsingum um áætlanir félaganna um uppbyggingu á hverjum tíma. Að öðrum kosti gæti sá, sem krefst reikis, knúð slíkt fram með þeirri einföldu aðferð að hafa ekki upp áætlanir um eigin uppbyggingu.

Síminn byggir einnig á því að 35. gr. er undantekningarregla frá meginreglu laga um samningafrelsi. Skylda til reikisamninga er íþyngjandi fyrir þann sem ákvörðun beinist að. Hana ber að skýra þröngt. Það er því óheimilt að færa undir hana tilvik sem ekki er skýrt kveðið á um í lögum.

Að auki virðist stofnunin reyna að renna stöðum undir ákvörðun sína með því að vísa til 1. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga um aðgang að netum og netslutum fyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild. Samkvæmt athugasemdum við 28. gr. fjarskiptalaga er tilgangur 28. gr. sá að gera nýjum fjarskiptafyrirtækjum auðveldara að koma sér upp aðstöðu. OGF er ekki nýtt fjarskiptafyrirtæki í skilningi laganna og er þar að auki með umtalsverða markaðshlutdeild í farsímaþjónustu og á samtengimarkaði. Skilyrði 28. gr. eiga ekki alls ekki við. Að auki er það skilyrði fyrir því að beita megi 28. gr. fjarskiptalaga og leggja kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild að markaðir hafi verið greindir sbr. 17. gr. fjarskiptalaga, en slík markaðsgreining hefur ekki átt sér stað. Ákvörðun um reiki til ársins 2005 verður því ekki byggð á 1. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga.

Því er einnig mótmælt að Síminn muni “fyrirvaralaust” slökkva á reikiþjónustu. Fyrir liggur að Síminn sagði upp reiki með samningsbundnum sex mánaða fyrirvara. OGF hefur þannig haft hálf ár til að undirbúa sig og viðskiptavinum sína. Auk þess hefur margítrekað komið fram að hálfu Símans, að reikisamningar eru háðir því hvort aðilar nái saman á viðskiptalegum forsendum. M.ö.o. er ekki sjálfgefið að Síminn „slökkvi“ á reikiþjónustu ef OGF eru reiðubúnir til að greiða viðunandi verð fyrir þjónustuna.

Fyrir varakröfu færir LÍ eftirfarandi rök:

Síminn byggir varakröfu sína á því að komist nefndin að þeirri niðurstöðu að bæta megi við sjónarmiðum um eðli máls og sanngirmi við túlkun á 35. gr. fjarskiptalaga skuli slík sjónarmið einnig höfð uppi þegar meta á reikiskyldu á svæðum þar sem Síminn er nýbúinn að fjárfesta í sendum. Beri þá miðað við senda sem settir hafa verið upp eða verða upp eftir 1. maí 2003. Öll sanngimisrök hníga að því að aðili sem veitir reiki fái aðlögunartíma til þess að njóta samkeppnislegs ávinnings og eðlilegrar og sanngjarnrar arðsemi af fjárfestingu sinni. Sá tími ætti að vera að lágmarki þrjú ár.

2.4 Grein 4.4. um reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum

Hvað varðar þennan kröfulið byggir LÍ aðalkröfu sína um ógildingu ákvörðunar PFS í gr. 4.8. þess efnis að LÍ skuli veita OGF aðgang að reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum, á því...

...að málið hafi ekki verið tilhlýðilega rannsakað af hálfu PFS og því ekki nægilega upplýst til þess að lögmæt ákvörðun hafi verið tæk, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Að auki byggir LÍ á því að hafna beri reikiaðgangi að Kárahnjúkum þar sem löglíkur eru fyrir því að hagkvæmt sé fyrir OGF að setja upp sendi þar, enda hafa þeir sýnt það í verki með því að setja upp og reka sendi á Kárahnjúkasvæðinu.”

Telur LÍ að af forsendum PFS fyrir ákvörðun sinni hvað varðar reikiaðgang að sendum í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum, sé ljóst að stofnunin hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni við úrlausn þessa hluta ákvörðunarinnar. Telur LÍ stofnunina byggja einungis á tilgátum um umferð og fjölda og að hagkvæmnismatið virðist einvörðungu byggja á útreikningum sem bárust frá aðilum um fjárfestingar- og rekstrarkostnað á öðrum svæðum. Nánar segir í kærnu LÍ um þennan lið:

Í greinargerð með 10. gr. stjórnarsýslulaga segir að í rannsóknarreglunni felst m.a. sú skylda stjórnvalds að sjá til þess að eigin frumkvæði, að málsatvik stjórnarsýslumáls séu nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Af forsendum ákvörðunarorðanna er ljóst að upplýsingar sem lágu fyrir þegar ákvörðun var tekin voru ekki nægjanlegar til að byggja mætti ákvörðun á þeim. Rannsóknarreglan að því er varðar Blöndu, Grímsey og Kárahnjúka hefur því að mati LÍ verið brotin. Því ber að fella úr gildi ákvörðun PFS að því er þær stöðvar varðar.

Að auki telur LÍ að hafna beri algjörlega reikiaðgangi á Kárahnjúkum á þeim forsendum að löglíkur séu fyrir því að hagkvæmt sé að setja upp sendi þar sem OGF hafi þegar sett upp sendi þar, og vísar LÍ í þessu sambandi til forsendna PFS í kafla 3.5. í hinni kærðu ákvörðun.

Varakröfu sína, þess efnis að verði fallist á reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum verði LÍ ekki skylt að bjóða reiki þar í þrjú ár frá því sendarnir voru settir upp, byggir LÍ á því að fyrirtækið verði að fá...

...að lágmarki þriggja ára aðlögunartíma til þess að njóta samkeppnislegs ávinnings og eðlilegrar og sanngjarnrar arðsemi af fjárfestingu sinni. Slíkur frestur á einnig stóð í því markmiði 35. gr. að stuðla að virkri samkeppni.

Verði LÍ skyldaður til að veita reiki á nýjum sendum leiðir það til þess að hvati til fjárfestingar verður lítill sem enginn og þannig fækkar valkostum neytenda.

2.5 Grein 4.8. um aðgang að GPRS þjónustu.

Hvað varðar þennan kærulið byggir LÍ á því aðallega að ákvörðun PFS, þess efnis að LÍ skuli veita OGF aðgang að GPRS þjónustu, hafi verið haldin verulegum annmarka sem leiði til ógildingar á þessum hluta ákvörðunarinnar.

Í rökstuðningi sínum vitnar LÍ til forsendna ákvörðunarorða PFS en af lestri þeirra komi í ljós að PFS hafi ekki verið fjallað um málsástæður LÍ hvað þennan þátt málsins varðaði. Röksemdir þeirra hafi komið í bréfi til PFS dags. 15. ágúst 2003, en til þeirra hafi PFS ekki tekið afstöðu í ákvörðun sinni. Því næst rekur LÍ málsástæður sínar hvað þennan þátt málsins varðar:

Síminn hefur byggt höfnun sína á því að veita aðgang að GPRS þjónustu á eftirtöldum atriðum. Þessi rök eru voru sett fram í bréfi dags. 15.8.2003 og eru efnislega á þessa leið:

1. Lagastöð.

Síminn telur að enginn stoð sé í lögum fyrir því að GPRS eigi að falla undir reikisamninga. Ákvæði laga um reiki er undantekningarákvæði sem ber að túlka þröngt.

2. Einsleitni á Evrópska Efnahagssvæðinu.

Eins og Síminn hefur áður bent á hafa hvergi fundist dæmi um lögþvingaða reikisamninga milli sömu kynslóðar farsímakerfa á sama tíðnisviði. Reiki hefur yfirleitt verið kynnt til sögunnar þegar ný kynslóð farsímakerfa er innleidd í því skyni að auðvelda aðgang nýs rekstrarleyfishafa að þeim landsdekkandi kerfum sem fyrir eru. Þó að löggjafinn hafi þannig með því að lögfesta skyldureiki aukið á sérstöðu íslensks farsímamarkaðar ber áfram að hafa í heiðri sjónarmið um einsleitni á Evrópska Efnahagssvæðinu. Á það skal bent að samkvæmt nýjum evróputilskipunum, skal forðast að leggja á kvaðir þegar um er að ræða nýja markaði í örri þróun. Markaður fyrir þjónustu sem byggir á GPRS (gagnaflutningsþjónustu) er einmitt gott dæmi um nýja markaði í örri þróun. Kvaðir sem slíkar myndu einungis draga úr hvata til nýrra fjárfestinga og þannig að lokum valda neytendum tjóni, þar sem valkostum myndi fækka.

3. “Ómissandi aðstaða” (e. essential facilities).

Bent er á að fleiri leiðir eru færar fyrir OGF til að veita gagnaflutningsþjónustu, þótt þeir fái ekki aðgang að GPRS þjónustu Símans. Samkvæmt upplýsingum Símans má veita allar sömu þjónustutegundir um “Circuit Switched Data” og veittar eru með GPRS.

4. Önnur atriði.

Uppgjörs- og gjaldfærslurök styðja einnig þá ákvörðun að verða ekki við kröfu OGF um aðgang að GPRS þjónustu.

Þrátt fyrir rök Símans í fjórum liðum gegn því að verða gert skylt með stjórnvaldsákvörðun að veita aðgang að GPRS þjónustu var ekkert um þau fjallað í ákvörðun PFS. Þegar af þeirri ástæðu telur Síminn að fella beri ákvörðun PFS úr gildi að því er varðar þennan þátt ákvörðunarorðanna.

Síminn byggir fyrir nefndinni áfram kröfu sína um höfnun á aðgangi að GPRS þjónustu á sömu rökum.

Að auki telur LÍ að ákvörðunin byggi ekki á lögmætum sjónarmiðum. Um þetta segir í kæru LÍ:

Að auki telur Síminn að ákvörðunin byggi ekki á lögmætum sjónarmiðum. Þau sjónarmið að GPRS hafi verið rætt á fundi í tæknihópi árið 2000 geti ekki rennt stöðum undir skyldu til þess að Síminn veiti GPRS þjónustu í sendum þar sem OGF hefur reikiaðgang. Það skipti heldur engu máli hvort settir hafa verið staðlar um GPRS tækni hjá alþjóðlegum stofnunum. Það sé heldur engin grundvöllur fyrir skyldu til aðgangs að GPRS þjónustu að samningar hafi verið gerðir milli fyrirtækja um allan heim um slíkan aðgang. Þeir samningar eru allir frjálsir samningar byggðir á viðskiptasjónarmiðum. Engir slíkir samningar hafa verið löghvingaðir. Á það skal einnig bent að gerðir eru sérstakir samningar um aðgang að GPRS þjónustu, en það verður ekki sjálfkrafa hluti af gildandi reikisamningum milli fyrirtækja. Rennir það enn frekar stöðum undir þau rök Símans að aðgangur að GPRS þjónustu sé ekki sjálfsgæður þótt reikisamningar séu í gildi milli fyrirtækja.

Síminn byggir einnig á því að 35. gr. er undantekningarregla frá meginreglu laga um samningafrelsi. Skylda til reikisamninga er íþyngjandi fyrir þann sem ákvörðun beinist að. Hana ber að skýra þröngt. Það er því óheimilt að færa undir hana tilvik sem ekki er skýrt kveðið á um í lögnum.

Þá er varakrafa LÍ rökstudd með eftirfarandi hætti:

Varakrafan byggir á því að verði Símanum gert skylt að veita GPRS reikiþjónustu skuli Síminn fá að lágmarki þriggja ára aðlögunartíma til þess að njóta eðlilegrar og sanngjarnrar arðsemi af fjárfestingu sinni. Slíkur frestur á einnig stóð í því markmiði 35. gr. að stuðla að virkri samkeppni. Verði Síminn skyldaður til að veita GPRS þjónustu á sendum sem eru í innanlandsreiki leiðir það til þess að hvati til fjárfestingar verður lítill sem enginn og þannig fækkar að lokum valkostum neytenda.

2.6 Grein 4.10. um slitlaust reiki.

Þá byggir LÍ á því, hvað varðar þá ákvörðun PFS að fyrirtækið skuli bjóða upp á svokallað slitlaust reiki (seamless roaming), að rannsóknarregla stjórnáslulaga, 10. gr. laga nr. 37/1993 hafi verið brotin. Einnig er á því byggt að ólögmætt sé að mæla fyrir um slitlaust reiki með því skilyrði að sá sem krefst slitlauss reikis sýni fram á að fyrir liggi tæknileg lausn sem geri það mögulegt.

Telur LÍ að af forsendum PFS sé ljóst að stofnunin virðist ekki hafa hugmynd hvort að nýjar tæknilausnir séu komnar fram sem geri það fýsilegt að reiki sé slitlaust, né heldur hversu íþyngjandi þær geti verið fyrir aðila. Telur LÍ því að PFS hafi

augljóslega brotið rannsóknarskyldu sína og tekið ákvörðun án þess að hafa rannsakað málið með viðunandi hætti. Telur LÍ að það að sinna ekki rannsóknarskyldu sem hvíli á stjórnvöldum, skv. 10. stjórnarsýslulaga, hljóti að leiða til ógildingar. Telur LÍ heldur ekki við það verða unað að stofnunin leggi það í vald OGF að sýna fram á að fyrir liggi tæknileg lausn sem geri slitlaust reiki mögulegt. Slík skilyrðing er að mati LÍ ólögmet og telur fyrirtækið að það valdi því í raun að það sé lagt í hendur OGF að ákveða hvort slitlaust reiki verði í framkvæmd. LÍ geti ekki fallist á slíkt fyrirkomulag og áskilur sér allan rétt til að mótmæla sjónarmiðum OGF hvað þennan þátt varðar.

Nánar segir í kæru LÍ:

Síminn hefur byggt höfnun á slitlausu reiki á þeim sjónarmiðum að PFS hafi ekki heimild til að mæla fyrir um tæknilegt fyrirkomulag reikis og í fjarskiptalögum er ekki mælt fyrir um slíkt. Núverandi fyrirkomulag er byggt á niðurstöðu tæknihóps þar sem báðir aðilar áttu sæti. Slitlaust reiki er undantekning frá almennri framkvæmd. Slitlausu reiki fylgir umstang og kostnaður fyrir báða aðila auk þess sem það er óæskilegt fyrir viðskiptavinum Símans af tæknilegum ástæðum. Sem dæmi um fyrra atriðið (“umstang og kostnaður”) má nefna að félögin yrðu að skiptast á upplýsingum um s.k. “BCCH”-tíðnir sem eru mörg hundruð, enda þótt ekki þurfi að tilkynna nema hluta þeirra. Ekki mætti gera breytingar á þessum tíðnum, sem algengt er að sé gert, nema tilkynna hinum aðilanum um breytinguna. Póst- og fjarskiptastofnun yrði þá að vera aðilinn sem miðlaði þessum upplýsingum á milli fyrirtækjanna. Þetta myndi valda Símanum óhagræði og reyndar öllum þremur aðilunum sem að þessu kæmu.

Þá orsakar slitlaust reiki meiri merkjagjöf á milli kerfa og gjaldtaka yrði mun flóknari, þótt það sé enn ekki fyllilega ljóst hvaða breytingar þyrfti að gera eða hvaða kostnaður og vinna yrði því samfara.

Af framansögðu er ljóst að það er í andstöðu við 12. gr. stjórnarsýslulaga um meðalhóf að mæla fyrir um skyldu til slitlauss reikis. Samkvæmt meðalhófsreglunni skal stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmetu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Ljóst er að markmiði um reiki milli aðila verður náð með öðru og vægara móti en slitlausu reiki, þ.e. með þeim hætti sem ríkt hefur samkvæmt sameiginlegri ákvörðun aðila frá því innanlandsreiki hófst árið 2001 og ber því að fella ákvörðun um slitlaust reiki milli aðila úr gildi og mæla svo fyrir að Símanum beri ekki skylda til að bjóða slitlaust reiki.

2.7 Grein 4.11. um senda inni á reikisvæðum

Af hálfu LÍ er á því byggt að við ákvörðun PFS, þess efnis að OGF sé heimilt að hafa senda inni á reikisvæðum, hafi verið brotin rannsóknarregla stjórnarsýslulaga. Einnig er á því byggt að meðalhófsreglan í 12. gr. laga nr. 37/1993 hafi verið brotin og að stofnunin hafi ekki lagaheimild til að setja skilyrði um aðlögunartíma.

Síminn byggir á því að hér hafi rannsóknarregla stjórnarsýslulaga enn verið brotin. Eins og fram kemur í kröfugerð Símans fyrir PFS er það staðreynd að sendir OGF inni á reikisvæði getur valdið truflunum á kerfi Símans á svæðinu. Þetta verður til dæmis við bilanir á viðkomandi sendum, því þá

tengjast notendur þess fyrirtækis sendi Símans – sem er opinn fyrir reiki- og geta orsakað yfirálag og frávísun. Hliðstætt gerist ef notkun farsíma eykst, t.d. vegna útihátíða eða annarra hátíðahalda, sérstaklega ef OGF láta hjá líða að stækka sendi sinn tímabundið, eins og Síminn er alvanur að gera, t.d. í tilefni jóla og áramóta. “Yfirflæðið” upptekur þá hluta af afköstum senda Símans og valda notendum Símans truflunum og töfum. Reynslan hefur því tvímælaust leitt í ljós að þetta hefur valdið vandkvæðum fyrir Símann, en augljóslega ekki fyrir OGF. PFS kys að leggja til grundvallar fullyrðingu OGF um að þetta hafi ekki valdið Símanum vandkvæðum fremur en fullyrðingu Símans, án þess að kanna málið frekar. Að mati Símans er það brot á rannsóknarreglu stjórnsýslulaga að taka íþyngjandi ákvörðun án þess að málið sé nægjanlega rannsakað.

Að auki telur Síminn að meðalhófsregla stjórnsýslulaga, sbr. 12. gr. hafi verið brotin með því að gefa OGF í raun tvöfalt svigrúm, þ.e. fá að reika í rúm tvö ár á svæði þar sem talið er að hagkvæmt sé að byggja upp eigið net og að auki fá að hafa senda inni á svæðinu sem valdið geta truflun og yfirflæði.

Af hálfu Símans er einnig á því byggt að PFS viðurkennir í forsendum að ákvörðuninni, sbr. kafla 3.13 að “**almennt eigi sendar OGF ekki að vera inni á skilgreindum reikisvæðum**” en gengur svo gegn þeirri ákvörðun sinni með því að veita OGF svigrúm til að hafa þá inni til ársloka 2005.

3. Málsástæður Póst- og fjarskiptastofnunar

Fyrir nefndinni bygðri kröfur sínar á eftirfarandi rökum:

3.1 Athugasemdir PFS varðandi frávísunarkröfu LÍ

Um kröfu LÍ um frávísun málsins sagði PFS:

Mótmælt er þeirri kröfu LÍ að 35. gr. fjarskiptalaga gangi lengra en ákvæði fjarskiptatilskipana ESB og EES, hvort sem um er að ræða eldri tilskipanir eða yngri, sem núgildandi lögum er ætlað að innleiða og af þeirri ástæðu beri að hafna kröfu um reiki á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga.

Þá mótmælir PFS því að úrskurðarnefndin geti tekið ákvörðun um hvort 35. gr. fjarskiptalaga stangist á við EES rétt og gildi þá einu hvort um eldri eða yngri tilskipanapakka er að ræða. Fyrir nefndinni liggur einungis að kveða upp úrskurð samkvæmt þeim landsrétti sem í gildi er á hverjum tíma.

Einnig má benda hér á að ákvæði um innanlandsreiki hafa verið sett t.d., í Danmörku, sbr. Lov om konkurrence- og forbrugerforhold på telemarkedet nr. 418/2000, (fylgiskjal 6) sem byggðu á eldri tilskipunum en ákvæðið hljóðaði svo: “Udbydere af offentlige mobilkommunikationsnet skal imødekomme alle rimelige anmodninger om indgåelse eller ændring af aftaler om samtrafik om national roaming”

Í nýju dönsku fjarskiptalögum “Lov om ændring af lov om konkurrence- og forbrugerforhold på telemarkedet med flere love Nr. 450 af 10. juni 2003” (fylgiskjal 5) er einnig kveðið á um reiki í 5. tl. 2.mgr. 40. gr. “faste net og

mobilkommunikationsnet, herunder adgang med henblik på roaming,”

Þá er í gildi reglugerð um innanlandsreiki frá 1997 “Bekendtgørelse om national roaming på mobilkommunikationsområdet. nr. 646/1997” (fylgiskjal 3) Innanlandsreiki hefur því verið við lýði í Danmörku a.m.k. frá árinu 1997.

Þá má einnig benda á að nýi tilskipanapakinn, sem fjarskiptalögunum er ætlað að innleiða gerir beinlínis ráð fyrir að reiki sé ein af þeim kvöðum sem hægt er að leggja á markaðsráðandi fyrirtæki, sbr. g. liður 1. tl. 12. gr. aðgangstilskipunarinnar, sbr. og skilgreining á aðgangi í a. lið 2. gr., en þessar greinar eru innleiddar í íslenskan rétt með e. lið 2. mgr. 28. gr. og 1. tl. 1. mgr. 3. gr. nógildandi fjarskiptalaga.

Því er með öllu óskiljanlegt að LÍ geti haldið því fram, að það að kveðið sé á um innanlandsreiki í íslenskri fjarskiptalöggjöf gangi lengra en efni þeirra tilskipana sem lögunum er ætlað að innleiða, þegar beinlínis er gert ráð fyrir í tilskipunum að hægt sé að leggja á kvöð um reiki. Hér á landi var hins vegar farin sú leið þegar árið 1999 vegna markaðsaðstæðna á Íslandi og vegna þeirra landfræðilegu aðstæðna sem við búum við að skylda fjarskiptafyrirtæki til að veita aðgang að fjarskiptanetum sínum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Ef nefndin telur sig hins vegar bæra um að úrskurða að 35. gr. nógildandi fjarskiptalaga, sbr. 21. gr. eldri fjarskiptalaga, stangist á við EES rétt, er ljóst af ofangreindu að ákvæðið stenst a.m.k. þær eldri tilskipanir um fjarskiptarétt sem gilt hafa á EES svæðinu og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II gilda allar kvaðir sem lagðar hafa verið á fjarskiptafyrirtæki þar til markaðsgreining hefur farið fram.

Þá er einnig ljóst að reiki er ein tegund af aðgangi sem hægt er að leggja á eftir að markaðsgreining hefur farið fram.

Einnig má hér benda á að eitt af meginmarkmiðunum með þeim tilskipunum sem settar hafa verið um fjarskipti á evrópska efnahagssvæðinu er að stuðla að samkeppni. Í 1. gr. aðgangstilskipunarinnar er þetta m.a. orðað svo: “The aim is to establish a regulatory framework, in accordance with internal market principles, for the relationships between suppliers of networks and services that will result in sustainable competition, interoperability of electronic communication services and consumer benefits.”

3.2 Athugasemdir PFS varðandi gr. 4.2. um ákvörðun reikisvæða

Í greinargerð PFS varðandi athugasemdir LÍ um gr. 4.2 í ákvörðunarorðum stofnunarinnar gerir stofnunin grein fyrir þeirri aðferðafræði sem stofnunin beitti varðandi ákvörðun reikisvæða og jafnframt gerði stofnunin athugasemdir við þá aðferðafræði sem LÍ teldi að beita ætti. Nánar segir í greinargerðinni um þennan lið:

Samtengigjöld

Í hinni kærðu ákvörðun gagnrýnir LÍ þær forsendur sem PFS miðaði við, þ.e. að líta eingöngu til kostnaðar OGF við uppbyggingu á sendum þegar meta á hvort hagkvæmt sé að byggja upp dreifikerfi á einhverjum ákveðnum svæðum.” Meginrök Símans fyrir ógildingarkröfunni eru þau að af hálfu PFS var ekkert tillit tekið til tekna OGF af reikiumferð þegar ákvörðun um hagkvæmni senda/svæða var tekin “

Einnig kemur eftirfarandi fram hjá LÍ:

“ Þegar viðbótartekjur eru lægri en viðbótarkostnaður má draga þá ályktun að óhagkvæmt sé að reka þar sendi [...] Þegar hagkvæmnismörk eru fundin er það mat Símans að það eigi að miða við tekjur á sama sölustigi og reikið þ.e. heildsölustig. Að sama skapi geta verðákvæðanir á smásölustigi engu skipt við þessa útreikninga.”

“Á heildsölustigi stafa tekjur OGF af samtengigjöldum. Samtengigjöld OGF eru nú 13,5 kr á mínútu á daginn og 11,15 kr. á mínútu á kvöldin. Um helmingur símtal er á dagtaxta. Þannig hljóta hagkvæmnismörk OGF að vera $(13,5+11,15)/2$ eða 12,33 kr á mínútu.”

Hér á eftir verður rakið hvers vegna ekki er hægt að taka alfarið mið af þeim lúkningargjöldum sem OGF fær og þá um leið af hverju PFS tók þá ákvörðun að miða við kostnað OGF.

Samanburður við samtengiverð

Í greinargerð LÍ kemur fram að þegar samtengigjöld (viðbótartekjur) eru lægri en viðbótarkostnaður megi draga þá ályktun að óhagkvæmt sé að reka þar sendi. Þessi samanburður milli tekna af samtengigjöldum og kostnaðarútreikninga PFS á því hvar hagkvæmt væri fyrir OGF að byggja upp er ekki eðlilegur, þar sem ekki er hægt að bera saman þann heildarkostnað sem til verður í kerfinu við hluta af kostnaði eins og LÍ virðist ganga út frá að gera eigi. Samtengigjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði í dreifikerfinu en eingöngu sendistöðvunum eins og LÍ leggur til að miða eigi við þegar meta á hvort OGF beri að byggja upp sitt eigið kerfi eða þeir eigi rétt á reikiþjónustu.

Samtengiverð eru oftast flokkuð í tvennt, upphafsgjöld (e. origination) og lúkningargjöld (e. termination). Lúkningargjöld OGF eru þekkt, dagtaxti 13,5 og kvöld og helgartaxti 11,15 kr. eða að meðaltali 12,33 kr. Oft eru upphafsgjöld þau sömu og lúkningargjöld, en ákveðnar ástæður geta hugsanlega réttlæt að lúkningargjöld séu hærri en upphafsgjöld í farsímanetum, vegna ólíkrar notkunar á kerfisþáttum.

Útreikningar LÍ á GSM samtengigjöldum eru einu útreikningarnir sem nú liggja nú fyrir. Því er nauðsynlegt að líta til þeirra til að átta sig á undir hvaða kostnaði LÍ taldi á sínum tíma að tekjur af samtengigjöldum ættu að standa undir.

Í töflu 1 er skýrður út munurinn á útreikningum vegna samtengigjalda LÍ (sjá fylgiskjal T1) og útreikningum PFS vegna uppbyggingar OGF á radióstöðvum.

Tafla 1: Samanburður á aðferðafræði við útreikninga á samtengigjöldum(LÍ) og útreikningum á kostnaði vegna radióstöðva OGF. (Fellt út vegna trúnaðar)

Til að skýra betur hvernig mismunandi kostnaðaraðferðafræði gefur mismunandi niðurstöður er úrdráttur úr Telecommunications Regulation Handbook (fylgiskjali 1) þar sem dæmi er um að einingaverð breytist frá 0,5-1,8 eftir því hvaða aðferðafræði er notuð.

Af ofangreindu má vera ljóst að engin rök eru fyrir því að miða við tekjur OGF af samtengigjöldum þegar meta á hvort hagkvæmt er að byggja upp sendi eða ekki.

Um fjöllum um “hæsta kostnað”.

LÍ gerir einnig athugasemdir við þá aðferðafræði PFS að miða við hæsta kostnað á þeim stöðum sem OGF rekur sendi og bendir á að með því hafi OGF í raun sjálf dæmi um það hvenær LÍ væri skylt að opna fyrir reiki á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga, þar sem OGF myndi einfaldlega taka óhagkvæmustu sendana úr rekstri og stilla kostnaði sínum í hóf. Vegna þessa þá vill PFS benda á að kostnaður vegna uppbyggingar er ekki eina viðmiðið sem lagt er til grundvallar. Einnig er tekið mið af þeim umferðartölum sem stafa frá viðskiptavinum OGF í sendum LÍ og úr eigin sendum sem eru á þeim svæðum sem deilt var um og þannig fundinn út kostnaður pr. mínútu. Fullyrðing LÍ um að OGF sé gefið sjálf dæmi um hvenær skylt sé að opna fyrir reiki gengur þ.a.l. ekki upp. Þá bendir LÍ á í þessu samhengi, að ef miða ætti við hæsta kostnað pr. mínútu á þeim stöðum sem OGF rekur sendi, hefði PFS átt að kanna kostnað á sendi OGF í hlíðum Vaðlaheiðar, Fnjóskadalismegin, þar sem lítil umferð er og kostnaður væntanlega mjög hár á hverja mínútu. Vegna þessa þá vill PFS taka fram að ekki var deilt um þetta svæði og því ekki talin ástæða til að kanna þetta sérstaklega. Þá er einnig rétt að benda á að í kerfum LÍ og OGF eru væntanlega sendar með mjög litla umferð, sem ekki eru settir upp með hagkvæmni að leiðarljósi, heldur er væntanlega verið að horfa til þess að byggja upp sem heildstæðasta þjónusta á landinu. Að mati PFS hefði ekki verið eðlilegt að líta til slíkra jaðarsenda þegar meta átti kostnað OGF við uppbyggingu á þeim svæðum sem deilt var um. Að auki má hér benda á að ef miða ætti við hæsta mögulegan kostnað, sem OGF hefur lagt út í við uppbyggingu á sendum yrði niðurstaðan væntanlega sú að OGF ætti í raun hvergi rétt á að reika á neti LÍ. Slík lögskýring hefur tæplega verið ætlun lögjafans þegar kveðið var á um lögbundna skyldu til innanlandsreikis að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Athugasemdir PFS við forsendur LÍ í kafla 3.2.3. í kærur LÍ
“eðli og umfang fjárfestingar”.

PFS getur ekki fallist á þann skýringarkost LÍ á 35. gr. fjarskiptalaga á orðalaginu “eðli og umfang fjárfestingar” að eingöngu eigi að skylda reikiadgang þegar kostnaður við uppbyggingu er svo mikill að hann hefur áhrif á rekstur fyrirtækisins í heild. Orðalag ákvæðisins gefur ekki tilefni til að þessi skýringarkostur sé notaður þar sem í ákvæðinu er eingöngu verið að

fjalla um uppbyggingu á farsímastöðvum eða farsímanetum. Að mati PFS er því edlilegast að miða hér við þær fjárfestingar sem fara í þennan þátt en ekki að miða við rekstur fyrirtækisins í heild eins og LÍ gengur út frá. Ef skýringarkostur LÍ yrði ofan á yrði skilyrðið um “eðli og umfang fjárfestingar” í raun gagnslaust, þar sem hver einstök fjárfesting í sendi er í flestum ef ekki í öllum tilvikum lítið hlutfall af rekstri fyrirtækisins í heild.

Útreikningar LÍ.

Í umfjöllun LÍ vantar inn staði sem LÍ hafnar í kærri sinni til úrskurðarnefndar að falla eigi undir reikiskyldu, en það eru Hnífsdalur, Hraunhóll, Skógar, Brekka, Valþjófsstaðir, Kárahnjúkasvæðið, Skollahnjúkur, Laugar, Blanda, Fróðarheiði, Gröf, Vatnaheiði og Grímsey. Ef tekið er tillit til þessara staða verður meðaltalskostnaður á hverja mínútu á þeim stöðum sem LÍ hafnar að falli undir reikiskyldu kr. (Fellt út vegna trúnaðar), sbr. töflu hér að neðan.

Tafla 2: Niðurstöður útreikninga PFS (Fellt út vegna trúnaðar)

Samkvæmt þessu þá vantar inn í forsendur LÍ kostnað á 16 stöðum.

“Umframtekjur”.

Þá gerir PFS einnig athugasemdir við svokallaðar umframtekjur í töflu LÍ. Þar virðist LÍ gera ráð fyrir að hugsanlegar tekjur OGF eigi eingöngu að fara til þess að borga niður kostnað við uppbyggingu á sendunum, en eins og áður hefur komið fram þá er samtengigjöldum ætlað að ná yfir fleiri þætti en radióhlutann.

Samkvæmt aðferðafræði LÍ er einnig borinn saman uppbyggingarkostnaður (hluti af viðbótarkostnaði) á móti samtengigjöldum (viðbótartekjum), sem reyndar verða ekki til í þeim mæli sem LÍ heldur fram og gefur því að mati PFS, ekki rétta niðurstöðu.

Þá virðist einnig vera gengið út frá þeirri forsendu að sömu tekjur myndist, þ.e. 12,33 kr. bæði við upphaf og lúkningu símtala, þar sem ekki er gerður greinarmunur á þessu þegar reiknaður er út heildarfjöldi mínúta í sendum. Rétt er að benda á að aðeins er hægt að tala um að mínútan kosti kr. 12, 33 þegar símtalið endar í neti OGF. Upphafskostnaður á símtali í neti OGF er óþekktur.

Þær forsendur sem LÍ gefur sér varðandi hugsanlega tekjumyndum OGF af sendunum, ef þeir byggðu upp sitt eigið kerfi, geta því tæplega staðist.

Til að varpa ljósi á mismunandi aðstöðu fyrirtækjanna að því er viðkemur kostnaði við uppbyggingu á sendum, er hér samanburðartafla sem sýnir kostnað LÍ og OGF á þeim stöðum sem um er deilt.

Tafla 3 Samanburður á kostnaði LÍ og OGF á nokkrum stöðum (Fellt út vegna trúnaðar)

Í töflunni sést að kostnaður OGF pr. mín. er mun hærri á þessum stöðum en LÍ. Út frá óbreyttri markaðshlutdeild þá verður einingarkostnaður OGF hærri en LÍ.

Sú ákvörðun PFS að miða við 8,1 kr. sem skurðpunkt fyrir það hvort hagkvæmt sé að byggja upp eða ekki, gengur eins langt gagnvart OGF og mögulegt er og miðar að því að stuðla að samkeppni í uppbyggingu á fjarskiptanetum.

Með því að nálgast viðfangsefnið á þann hátt sem PFS gerir er verið að leitast við að skapa stöðugleika varðandi réttindi og skyldur beggja mál aðila þegar kemur að því að meta hvort OGF eigi rétt á reiki eða ekki.

Sú aðferð sem LÍ leggur til grundvallar er ekki til þess fallin að koma þessum stöðugleika á þar sem verðbreytingar á samtengigjöldum gætu leitt til þess að sendar eða svæði væru innan eða utan reikiskyldu eftir því hver samtengigjöldin væru á hverjum tíma. Slíkt myndi augljóslega ekki þjóna hagsmunum fyrirtækjanna þegar til lengri tíma er litið, þar sem öll áætlanagerð varðandi uppbyggingu gæti raskast á einni nóttu ef verðbreytingar yrðu.

3.3 Athugasemdir PFS varðandi gr. 4.3. um aðlögunartíma

PFS gerir ekki sérstakar athugasemdir við málatilbúnað PFS hvað varðar gr. 4.3. í ákvörðunarorðum stofnunarinnar, heldur vísar til þess rökstuðnings, sem fram kemur í ákvörðuninni sjálfri.

3.4 Athugasemdir PFS varðandi gr. 4.4. um reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum

PFS hafnar því að brotin hafi verið rannsóknarregla 10. gr. stjórnsýslulaga, þegar ákvörðun var tekin hvað varðar Grímsey, Blöndu og Kárahnjúka. Segir nánar í greinargerð stofnunarinnar um þetta atriði:

Að mati PFS hafði það enga sjálfstæða þýðingu við úrlausn þess hvort skylda ætti reiki á þessum tilteknu umdeildu stöðum, hvert umferðarmagnið var í þessum tilteknu sendum, auk þess sem augljóst er a.m.k. í Grímsey og á Blöndu að um óverulegt magn hlýtur að vera að ræða. Þá má einnig benda á að engin umferð var frá notendum OGF í þessum sendum LÍ á þessum svæðum þar sem engin reikiþjónusta hafði verið veitt af hálfu LÍ. Á engan hátt var hægt að sjá hver hugsanleg hlutdeild OGF yrði í þeirri umferð sem var á þessum svæðum. Það var því skoðun PFS að þær upplýsingar lægju fyrir sem nauðsynlegar væru til að hægt væri að taka efnislega rétta ákvörðun í málinu. Þá skiptir og máli í þessu sambandi samspil 10. gr. stjórnsýslulaga og 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, sem kveður á um að ákvarðanir skulu teknar svo fljótt sem unnt er. Reikisamningur á milli LÍ og OGF var útrunninn og fyrir lá að slökkt yrði á allri reikiþjónustu um leið og umsamin framlenging væri útrunninn. Skipti því miklu máli að ákvörðun PFS lægi fyrir sem fyrst.

3.5 Athugasemdir PFS varðandi gr. 4.8. um aðgang að GPRS þjónustu.

Um kærðu LÍ varðandi gr. 4.8. segir í greinargerð PFS:

Eins og fram kemur í hinni kærðu ákvörðun hefur GPRS þjónusta verið skilgreind af ETSI (European Telecommunication Standards Institute) sem hluti af þeirri GSM þjónustu sem almennt er boðin, þ.e. ákveðin burðarþjónusta (“bearer service”) og hluti af þeim stöðlum sem tilheyra GSM

kerfum. Engin rök hníga í þá átt að hér á landi eigi ekki að líta með sama hætti á GPRS þjónustu, þ.e. að hún falli ekki undir hugtakið almenna farsímaþjónustu í 35. gr. fjarskiptalaga. Eins og t.d. SMS skilaboð sem fallið hafa hingað til undir þá reikiþjónustu sem LÍ hefur látið af hendi. Í Danmörku hefur t.d. GPRS verið hluti af innanlandsreikisamningum. (sbr. fylgiskjal 7)

Hvað varðar þá staðhæfingu LÍ að hægt sé að veita allar sömu tegundir þjónustutegundir með “Circuit Switched Data” og veitt er með GPRS, er rétt að benda á að þar er um svokallaða HSCSD gagnaflutningsþjónustu að ræða. Þjónusta sem byggir á þessari tækni hefur ekki verið í boði hér á landi hvorki hjá LÍ né OGF. Þá má einnig benda á í þessu samhengi að vegna mismunandi uppfærslu á gagnaflutningsþjónustu sem byggir á GPRS tækni annars vegar og HSCSD tækni hins vegar væri ekki hægt að reika á milli GPRS og HSCSD tækni.

Þá kemur fram í greinargerð stofnunarinnar að HSCSD tækni hafi einnig verið talin mun dýrari lausn fyrir endanotanda þar sem þeir verða að greiða fyrir að halda rásinni opinni, þótt engin gögn séu flutt. GPRS sé hins vegar magnmæld þjónusta, auk þess sem færri GSM símar styðjist við þessa lausn. Þá hafi GPRS tækni verið talin undanfari þriðju kynslóðar farsímaneta. Þá hafi einnig verið bornir saman kostir og gallar á þessum tegundum gagnaflutningsþjónustu og niðurstaðan verið sú að GPRS tæknin hafi fleiri kosti. Því næst segir í greinargerð stofnunarinnar:

Að gefinni þeirri forsendu að GPRS sé hluti af þeirri reikiþjónustu sem LÍ er skylt að veita var það mat PFS að uppsetning á gagnaflutningskerfi sem byggði á HSCSD tækni, eins og LÍ bendir á að OGF gæti gert og þá við hliðina á því GPRS kerfi sem OGF nú rekur, væri ekki tæk lausn ef tekið er tillit til ofangreinds. Í því sambandi má einnig benda á smæð íslenska markaðarins í samanburði við erlenda markaði, auk þess sem eitt af verkefnum PFS er að hvetja til skilvirkra fjárfestinga í innviðum fjarskipta, sbr. b. liður 2. tl. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.

3.6 Athugasemdir PFS varðandi gr. 4.10. um slitlaust reiki.

Um þetta segir í greinargerð stofnunarinnar:

LÍ heldur því fram að PFS hafi brotið gegn rannsóknarskyldu 10. gr. stjórnisýslulaga með því að kveða upp úr um að LÍ skuli bjóða upp á slitlaust reiki ef OGF geti sýnt fram á að fyrir liggi tæknileg lausn sem geri það mögulegt.

Samkvæmt orðalagi ákvörðunarinnar er sönnunarbyrðinni velt yfir á OGF. LÍ er gert að bjóða upp á slitlaust reiki ef OGF getur sýnt fram á að slíkt sé tæknilega mögulegt. Með ákvörðuninni er á engan hátt tekin afstaða til þess hvort OGF takist yfir höfuð að sýna fram á að slitlaust reiki sé framkvæmanlegt hér á landi. Er því alfarið mótmælt þeirri staðhæfingu LÍ að stofnunin hafi brotið gegn rannsóknarskyldu 10. gr. stjórnisýslulaga. Þá má og benda á að í Danmörku kom samskonar mál upp á milli Moblix og Tele Danmark og var niðurstaða danska eftirlitsaðilans að Tele Danmark skyldi bjóða upp á slitlaust reiki. (sjá fylgiskjal 4) Sjá einnig grein 6 bls.12 í reikisamningi á milli Sonofon og Telía. (fylgiskjal 8) Þróunin í Danmörku varð því á þá leið að fjarskiptafyrirtækin útfærðu sjálf slitlaust reiki.

Þá er það misskilningur hjá LÍ að með ákvörðun PFS hafi stofnunin verið að mæla fyrir um tæknilegt fyrirkomulag reikis. Ákvörðunin kveður aðeins á um að sönnunarbyrðin hvíli á OGF. Að sjálfsögðu hefur LÍ heimild til að hafa skoðun á eða gera athugasemdir við það fyrirkomulag sem OGF leggja til, í samræmi við almennar reglur þar um, enda kemur skýrt fram í 2. mgr. 35. gr. fjarskiptalaga að fjarskiptafyrirtæki skuli leitast við að semja sín á milli um skilmála aðgangs. Þar undir hljóta að falla tæknilegir skilmálar. Í raun hefur aldrei reynt á slíkt, þar sem aðilar hafa aldrei gert tilraun til að kanna hvort nú sé tæknilega mögulegt að hafa slitlaust reiki á milli kerfa LÍ og OGF.

Þá getur PFS ekki tekið neina afstöðu á þessu stigi til þess umstangs og kostnaðar sem fylgir útfærslu slitlauss reikis hér á landi, á meðan aðilar gera ekki tilraun til að finna þá lausn sem hentar fyrir íslenskar aðstæður.

Þá er mótmælt þeirri staðhæfingu LÍ að slitlaust reiki sé undantekning frá almennri framkvæmd, sbr. niðurstaðan í Danmörku.

3.7 Athugasemdir PFS varðandi gr. 4.11. um senda inni á reikisvæðum

Hvað varðar þennan kærulið kemur fram í greinargerð PFS að stofnunin hafi talið það óhjákvæmilegt að einhver skörun yrði á þeim sendum sem fyrirtækin hafa sett um á þeim svæðum sem um er deilt. Vísar stofnunin um rök fyrir þeirri ákvörðun í kafla 3.13. og 3.5.9. í hinni kærðu ákvörðun.

Hvað varðar meint brot stofnunarinnar á rannsóknarreglunni og aðrar athugasemdir LÍ við þennan lið segir nánar í greinargerð PFS:

Þá mótmælir PFS þeirri skoðun LÍ að brotin hafi verið rannsóknarregla 10. gr. stjórnisýslulaga, með því að kanna ekki nánar hvað hæft væri í fullyrðingum LÍ um truflanir í kerfi LÍ af völdum senda OGF ef þeir bila og umferð flyst yfir á kerfi LÍ. Samkvæmt þeim upplýsingum sem PFS býr yfir er mjög sjaldgæft að sendarnir bili og því fátítt að þetta vandamál geti skapast. Þá má einnig benda á umfjöllun í kafla 3.5. í ákvörðun PFS.

Þá mótmælir PFS þeirri túlkun sem LÍ viðhefur á orðalaginu “almennt eigi sendar OGF ekki að vera inn á skilgreindum reikisvæðum” sem fram kemur í forsendum ákvörðunarinnar og að með ákvörðuninni sé gengið gegn þessu orðalagi með því að veita OGF svigrúm til að hafa þá þar til ársloka 2005. Á engan hátt er hægt að skilja hugtakið almennt á þann hátt að það gefi ekki tilefni til undantekninga eins og hér varð raunin á, heldur opnar það þvert á móti fyrir undantekningar eins og í þessu tilfelli.

4. Sjónarmið Og fjarskipta hf.

Úrskurðarnefnd gaf OGF tækifæri til þess að koma að sínum sjónarmiðum, bæði skriflega og í málflutningi fyrir nefndinni. Fór fyrirtækið nokkrum orðum um ágreiningsefnið en vísaði þó einnig til greinargerðar sinnar til PFS og sjónarmiða stofnunarinnar sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun. Vegna aðilastöðu fyrirtækisins eru sjónarmið þess ekki rakín sérstaklega hér.

5. Niðurstaða

5.1 Krafa OGF um frávísun

Áður en úrskurðarnefnd tekur til skoðunar kröfur LÍ í máli þessu þykir rétt að víkja fáeinum orðum að þeirri kröfu, sem komið hefur fram af hálfu OGF, að málinu beri að vísa frá nefndinni. Er krafan studd við þau rök að LÍ og OGF hafi, eftir að úrskurður PFS var kveðin upp, samið um þau öll þau atriði sem fjallað er um í liðum 4.2., 4.3., 4.4., 4.5., 4.7., og 4.11. í hinni kærðu ákvörðun. Þegar af þeirri ástæðu hafi LÍ ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn nefndarinnar.

Úrskurðarnefnd telur hins vegar, eftir skoðun á ákvæðum samnings þess sem OGF vitnar til, að í honum felist ekki að samið hafi verið um öll þau atriði sem fjallað er um ofangreindum greinum ákvörðunar PFS. Telur úrskurðarnefnd raunar að einungis hafi verið samið með bindandi hætti um verð fyrir reiki, en að önnur ákvæði samkomulagsins feli í sér ákveðin stefnumið sem hafa skuli að leiðarljósi þegar hin eiginlega samningsgerð fer fram. Krafa OGF um frávísun málsins er því ekki tekin til greina.

5.2 Krafa LÍ um frávísun

LÍ byggir kröfu um frávísun á því að regla 35. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 gangi lengra en eldri fjarskiptatilskipanir Evrópusambandsins (ESB), en þar sé hvergi minnst á skyldu til innanlandsreikis. Telur LÍ raunar einnig að ákvæðið brjóti gegn þeim yngri fjarskiptatilskipunum sem hinum nýju fjarskiptalögum er ætlað að innleiða, en hafa ekki enn verið teknar upp í EES samninginn. Telur LÍ að með lögtöku 35. gr. fjarskiptalaga sé þeirri einsleitni sem stefnt er að með EES-samningnum, stefnt í voða. Byggir fyrirtækið á því að EES-samningurinn hafi bein lagaáhrif í íslenskum rétti og það geti byggt á efni samningsákvæðanna til stuðnings rétti sínum. Einnig að bókun 35 við samninginn kveði á um forgangsáhrif EES-réttar sbr. einnig 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Kemur fram í kærnu LÍ að „...[þ]ar sem 35. gr. fjarskiptalaga gengur lengra en eldri og yngri fjarskiptatilskipanir og stangast þannig á við reglur EES réttarins, verður ekki á henni byggt til að ákvarða um reikjaðgang.”

Úrskurðarnefnd telur hins vegar, m.a. eftir skoðun á XI. viðauka með EES - samningnum þar sem fjallað er um fjarskiptatilskipanir, að ekki megi túlka ákvæði 35. gr. fjarskiptalaga á þann hátt að ákvæðið stangist á við reglur EES - réttarins eða gangi lengra en þær leyfa. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að tilskipanir eru aðeins bindandi fyrir þau aðildarríki ESB eða EES sem þeim er beint að hvað varðar það markmið sem þeim er ætlað að ná. Aðildarríkjunum sjálfum er hins vegar látið það eftir að taka ákvarðanir um form og leiðir til þess að ná markmiðum sbr. b-liður 7. gr. EES-samningsins sbr. lög nr. 2/1993. Þannig er tilskipunum venjulega ekki ætlað að setja tæmandi reglur um viðkomandi réttarsvið, heldur er þeim einkum ætlað að kveða á um tilteknar lágmarksreglur sem skuli gilda innan allra aðildarríkjanna. Verður ekki betur séð en að íslenska ríkið hafi á sínum tíma í einu og öllu innleitt ákvæði viðeigandi fjarskiptatilskipana í íslenskan rétt, enda er ekki öðru haldið fram af hálfu LÍ. Að mati úrskurðarnefndar verður því ekki séð að slíkt ósamræmi sé á milli EES - réttar og íslensks réttar, hvort sem litið er til yngri eða eldri fjarskiptatilskipana, að það stofni sjónarmiðum um einsleitni í hættu og réttlæti að ekki verði byggt á ákvæði 35. gr. fjarskiptalaga til að ákvarða um reikjaðgang.

Í þessu sambandi horfir nefndin *m.a.* til þeirra sjónarmiða sem OGF hefur haldið fram um túlkun á hugtakinu „access” eða „aðgangur”, en fyrirtækið hefur fært rök fyrir því

að hugtakið í eldri fjarskiptatilskipunum beri að skýra á sama hátt og hugtakið er skilgreint í 2. gr. aðgangstilskipunar ESB frá 7. mars 2002, en þar tekur hugtakið beinlínis til reikis. Með hliðsjón af ofangreindu getur úrskurðarnefnd ekki fallist á að eldri fjarskiptatilskipanir hafi ekki heimilað innanlandsreiki og að ákvæði 35. gr. fjarskiptalaga sé þar með í andstöðu við ákvæði EES - réttar.

Þá má og minnst hér á að ákvæði um innanlandsreiki er að finna í hinum nýju fjarskiptatilskipunum sem lögum nr. 81/2003 er ætlað að innleiða sbr. g. liður 1. tl. 12. gr. aðgangstilskipunarinnar frá 7. mars 2002 sbr. og skilgreining á aðgangi í a. lið 2. gr. en þessar greinar eru innleiddar í íslenskan rétt með e. lið 2. mgr. 28. gr. og 1. tl. 1. mgr. 3. gr. núgildandi fjarskiptalaga. Ljóst er því að ákvæði 35. gr. fjarskiptalaganna er í fullu samræmi við það regluverk sem nú er í gildi innan aðildarríkja ESB. Einnig hafa ákvæði um innanlandsreiki verið sett t.d. í Danmörku án þess að séð verði að það hafi verið talið brjóta í bága við löggjöf ESB.

Að ofangreindu leiðir að kröfu LÍ um frávísun málsins er hafnað.

5.3 Grein 4.2. um ákvörðun reikisvæða

LÍ krefst þess aðallega undir þessum lið að úrskurðarnefnd felli úr gildi ákvörðunarorð PFS í gr. 4.2. í hinni kærðu ákvörðun og ákvarði jafnframt reikisvæði til samræmis við kröfugerð fyrirtækisins sbr. bréf þess efnis til PFS dags. 22. september 2003 og 15. október 2003. Til vara er þess krafist að nefndin felli úr gildi ákvörðunarorð í gr. 4.2. og leggi fyrir PFS að ákvarða reikisvæði með því að taka tillit til tekna af samtengigjöldum þegar ákvarðað er hvort svæði séu hagkvæm, ásamt því að líta til eðlis og umfangs fjárfestingar fyrir fyrirtækið í heild. Eru bæði aðal- og varakrafa studd við þau rök að forsendur PFS fyrir hagkvæmnismati því, sem er grundvöllur ákvörðunarinnar, séu haldnar svo verulegum ágalla, að hana beri að ógilda. Telur fyrirtækið megin ágallann felast í því að af hálfu PFS hafi ekki tillit verið tekið til tekna OGF af reikiumferð, þegar ákvörðun um hagkvæmni senda/svæða var tekin. Færir LÍ fyrir því rök, með eigin útreikningum að teknu tilliti til ákveðinna forsendna sem fyrirtækið telur að miða beri við, að hefði PFS tekið tillit til tekna OGF af samtengigjöldum við hagkvæmnismat sitt hefði niðurstaðan orðið önnur. Útreikningar LÍ sýni að um fáa óhagkvæma staði sé að ræða og kostnaðarauki af þeim sé óverulegur og hafi ekki veruleg áhrif á rekstur OGF í heild.

Úrskurðarnefnd hefur farið ítarlega yfir forsendur PFS í hinni kærðu ákvörðun sbr. kafli 3.5. Kemur þar fram að stofnunin kallaði eftir upplýsingum frá aðilum um fjárfestingar- og rekstrarkostnað, fjölda mínútna í reiki og markaðshlutdeild. Fór stofnunin yfir upplýsingarnar og notaði við það fimm mismunandi aðferðir sem gáfu henni áætlaðan kostnað á hverja mínútu á einstökum svæðum eða sendum, en kostnaðurinn var breytilegur eftir því hverjar forsendur stofnunin miðaði við. Í kjölfar þeirrar athugunar komst stofnunin að því að notast ætti við raunmínútufjölda OGF í kerfi LÍ við mat á arðsemi einstakra svæða eða senda, miðað við notkun á tímabilinu ágúst 2002 til ágúst 2003. Hvergi er hins vegar að finna í úrskurðinum viðmiðunargildi það sem stofnunin taldi að við ætti að miða við hagkvæmnismat sitt. Af úrskurðinum sjálfum verður því ekki ráðið með skýrum hætti hvað ræður niðurstöðu stofnunarinnar um reiki á einstökum svæðum.

Með bréfi dags. 25. nóvember 2003 gerði PFS tilraun til þess að bæta úr þessum annmarka á ákvörðuninni, eftir að LÍ hafði farið fram á skýringar á þeim forsendum

sem lágu ákvörðuninni til grundvallar, sbr. bréf þess efnis dags. 19. nóvember 2003. Í bréfi stofnunarinnar kom fram að stofnunin hafði miðað við viðmiðunargildið 8,1, þ.e. öll svæði/sendar sem reyndust vera með kostnað sem var undir þessum viðmiðunarmörkum væru staðir sem OGF gæti ekki krafist reikis á. Í bréfi stofnunarinnar kom fram að ekkert tekjumódel hefði verið lagt til grundvallar ákvörðuninni en til að finna viðmiðunargildið var valinn sá staður sem hafði hæsta kostnað á hverja mínútu á þeim stöðum sem OGF var með senda í rekstri.

Munnlegur málflutningur fór fram fyrir nefndinni þann 5. febrúar 2004 en ekki þótti nefndinni forsendur PFS skýrast að neinu ráði við þann flutning. Fór því úrskurðarnefnd fram á það við PFS við lok málflutningsins að stofnunin rökstyddi ákvörðun sína með ítarlegri hætti þ.á.m. hvers vegna stofnunin teldi rétt að miða við viðmiðunargildið 8,1.

Í skriflegum skýringum PFS sem bárust nefndinni eftir munnlegan málflutning kom fram að við ákvörðun á viðmiðunargildinu var miðað við þann kostnað sem til féll vegna tveggja senda; Hafnar og Nesja. Þá segir m.a.:

Ef við skoðum þær niðurstöður sem birtast í aðferð 3 í ákvörðuninni sést að kostnaður við radióhlutann hleypur frá krónum x (Húsavík, reyndar var ekki deilt um það svæði) og upp í krónur x (Vatnaheiði). Það að setja skurðpunktinn við krónur 8,1 var því hrein ákvörðun af hálfu PFS. Þar sem langlíklegast var að hagkvæmnismörkin væru á bilinu 7-10 krónur.

Úrskurðarnefnd telur að m.a. þessi skýring PFS sýni glögglega að ákvörðun stofnunarinnar er haldinn annmörkum. Ekki er ljóst hvers vegna það er „langlíklegast“ að hagkvæmnismörkin séu á bilinu 7-10 og þá er ekki ljóst hvers vegna skurðpunkturinn var miðaður við 8,1 en ekki 7, 8,5 eða 10, en það liggur fyrir að það skiptir verulegu máli hvort viðmiðunargildið er ákveðið í hærri mörkunum eða lægri hvað varðar þá staði sem OGF getur krafist reikis. Þannig má ráða af töflu þeirri sem PFS tekur upp í ákvörðun sinn á bls. 20 að ef miðað hefði verið við gildið 7 hefði OGF getað krafist reikis á Höfn/Nesjum og Egilsstöðum/Gagnheiði/Hafrafelli. Ef hins hefði verið miðað við gildið 10 gæti OGF ekki krafist reikis á Norðfirði, Eskifirði/-Reyðarfirði og Bolungarvík.

Telur úrskurðarnefnd sérstaklega mikilvægt að PFS rökstyðji ítarlega þá ákvörðun sína að ákveða viðmiðunargildið 8,1 og skýri betur þær aðferðir sem stofnunin beitir við það mat, enda er viðmiðunargildið sá grundvöllur sem ákvörðun stofnunarinnar byggir á.

Úrskurðarnefnd hefur gefið PFS tækifæri til þess að skýra sérstaklega forsendur ákvörðunar sinnar og setja fram frekari rökstuðning, bæði við munnlegan málflutning fyrir nefndinni og einnig með skriflegum athugasemdum. Að mati úrskurðarnefndar hefur PFS ekki tekist að sýna með nægjanlegan skýrum hætti á hvaða sjónarmiðum ákvörðun stofnunarinnar byggdist. Með hliðsjón af þessu telur úrskurðarnefnd að ákvörðun PFS hvað varðar gr. 4.2. í ákvörðunarorðum hinnar kærðu ákvörðunar, sé haldin slíkum annmarka að ógildi hennar varði. Er því lagt fyrir PFS að ákvarða reikisvæði að nýju og að sú niðurstaða verði rökstudd á greinargóðan og skýran hátt til þess að málsaðilar þurfi ekki að velkjast í vafa um forsendur hennar.

Úrskurðarnefnd telur sér hins vegar ekki fært að ákvarða reikisvæði til samræmis við kröfugerð LÍ eða að leggja fyrir PFS að ákvarða reikisvæði með því að taka tillit til tekna af samtengigjöldum við hagkvæmnismat sitt, enda telur nefndin ljóst að þeir útreikningar sem að LÍ telur að byggja eigi á séu einnig haldnir verulegum annmörkum.

5.4 Grein 4.3. um aðlögunartíma

Aðalkrafa LÍ undir þessum lið byggir á því að með ákvörðun PFS um aðlögunartíma, þ.e. að LÍ skuli veita reiki á nánar tilgreindum sendum á Vestfjörðum, Norðurlandi-vestra, Austurlandi og Suð-austurlandi a.m.k. til ársloka 2005, hafi stofnunin byggt á ólögmaeltu og þar með ólögmaetu sjónarmiði. Telur LÍ m.a. að í 35. gr. fjarskiptalaga séu tæmandi talin upp skilyrði fyrir reikiskyldu og óheimilt sé að bæta við nýjum skilyrðum, sem þar að auki séu íþyngjandi fyrir þann sem ákvörðunin beinist að. Þá heldur LÍ því einnig fram að 35. gr. fjarskiptalaga sé undantekningarregla frá meginreglu laga um samningsfrelsi. Hana beri því að skýra þröngt og óheimilt sé að færa undir hana tilvik sem ekki er skýrt kveðið á um í lögunum.

Með hliðsjón af niðurstöðu úrskurðarnefndar í lið 5.3. telur nefndin að PFS verði að endurskoða niðurstöður sínar hvað varðar reikjaðgang að sendum á ofangreindum svæðum. Af því leiðir að ákvæði gr. 4.3. í ákvörðunarorðum PFS er felld úr gildi og lagt er fyrir PFS að ákvarða að nýju um reikjaðgang OGF hvað varðar senda/svæði í gr. 4.3. í ákvörðunarorðum.

Nefndin telur rétt að taka fram að hún telur að ákvæði 35. gr. fjarskiptalaga verði ekki túlkað á þann hátt að það komi í veg fyrir að mælt sé fyrir um aðlögunartíma, ef málefnaleg sjónarmið búa þar að baki, en ekki verður betur séð en að ákvörðun PFS hafi fullnægt slíkum kröfum í því tilfalli sem hér er til skoðunar.

5.5 Grein 4.4. um reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum

Kröfu LÍ þess efnis að úrskurðarnefnd felli úr gildi ákvörðun PFS sem gerir fyrirtækinu skylt að veita OGF reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum, styður LÍ við þau rök að PFS hafi við ákvörðunartökuna ekki gætt að rannsóknarskyldu sinni. Stofnunin byggir einungis á tilgátum um umferð og fjölda. Þá virðist hagkvæmnismat stofnunarinnar einvörðungu byggja á útreikningum sem bást frá aðilum um fjárfestingar- og rekstrarkostnað á öðrum svæðum. Þá byggir LÍ einnig á því hvað Kárahnjúka varðar, að hafna beri algjörlega reikjaðgangi þar, enda séu löglíkur fyrir því að hagkvæmt sé að setja upp sendi á svæðinu þar sem OGF hafi þegar sett upp sendi þar. Vitnar LÍ í þessu sambandi til forsendna PFS í kafla 3.5. í hinni kærðu ákvörðun.

Með hliðsjón af niðurstöðu úrskurðarnefndar í lið 5.3. telur nefndin að PFS verði að endurskoða niðurstöður sínar hvað varðar reikjaðgang að sendum á ofangreindum svæðum. Af því leiðir að ákvæði gr. 4.4. í ákvörðunarorðum PFS er felld úr gildi og lagt er fyrir PFS að ákvarða að nýju um reikjaðgang OGF hvað varðar senda/svæði í gr. 4.4. í ákvörðunarorðum.

Úrskurðarnefnd telur að ákvörðun PFS hafi borið með sér að stofnunin hafi ekki búið yfir nægjanlegum gögnum til þess að taka þá ákvörðun um að veita skyldi

reikiaðgang að Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum, gögnum sem stofnunin átti væntanlega auðvelt með að verða sér úti um.

5.6 Grein 4.8. um aðgang að GPRS þjónustu.

LÍ krefst þess að grein 4.8. í ákvörðunarorðum PFS, sem mælir fyrir um að LÍ sé skylt að veita GPRS reiki, verði felld úr gildi. Færir fyrirtækið þau rök fyrir kröfu sinni að ákvörðunin hafi verið haldin verulegum annmörkum sem fólust annars vegar í því að PFS hafi ekki tekið afstöðu til þeirra málsástæðna sem LÍ hafði uppi varðandi skyldu til GPRS reikis, sbr. bréf þeirra til stofnunarinnar dags. 15. ágúst 2003, og hins vegar að ákvörðunin hafi ekki byggst á lögmætum sjónarmiðum.

Hvað varðar fyrra umkvörtunarefni LÍ telur úrskurðarnefnd ljóst, þegar forsendur PFS fyrir ákvörðun sinni eru skoðaðar, sbr. kafli 3.10. í hinni kærðu ákvörðun, að stofnunin hafi tekið ágreiningsefnið til rökstuddrar úrlausnar og fært réttmæt sjónarmið fyrir niðurstöðu sinni. Í ákvörðun PFS felst að stofnunin hafnaði mótbárum LÍ beint og/eða óbeint og getur úrskurðarnefnd því ekki séð að ákvörðunin sé haldin slíkum annmarka að ógildi varði. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að á stjórnvöldum hvílir ekki fortakslaus skylda til þess að taka sérhverja málsástæðu sem aðili hefur fært fram til rökstuddrar úrlausnar, svo lengi sem réttmæt og málefnaleg sjónarmið ráða niðurstöðu þeirra.

Þá getur úrskurðarnefnd ekki tekið undir þau rök LÍ að ákvörðun PFS hafi ekki byggst á lögmætum sjónarmiðum. Ef þau rök sem stofnunin færði máli sínu til stuðnings eru skoðuð sést að stofnunin vísar til skýrslu tæknihóps frá 1. júní 2000, sem LÍ og OGF komu á fót, til skilgreiningar ETSI (European Telecommunication Standards Institute) á GPRS þjónustu, til leiðbeininga GSM MoU Association til farsímafyrirtækja, til þess að LÍ hefur gert GPRS reikisamninga við mörg farsímafélög um allan heim og til framkvæmdar í löndum eins og Bretlandi, Danmörku og Austurríki þar sem gengið hefur verið frá samningum um GPRS reiki. Getur úrskurðarnefnd alls ekki séð hvaða rök liggja því til grundvallar að PFS hafi verið óheimilt að líta til ofangreindra atriða við ákvörðun sína. Telur úrskurðarnefnd raunar, með hliðsjón af rökstuðningi PFS, að engin rök séu til þess að telja að GPRS þjónusta falli ekki undir hugtakið „almenn farsímaþjónusta” í 35. gr. fjarskiptalaga og fyrirtækinu beri því ekki að veita OGF aðgang að GPRS þjónustu.

Því er kröfu LÍ þess efnis að úrskurðarnefnd felli úr gildi ákvörðun PFS um að LÍ skuli veita OGF aðgang að GPRS þjónustu á þeim svæðum sem OGF fær heimild til að reika á, hér með hafnað.

Þá er varakröfu LÍ um gagnkvæman aðlögunartíma, þ.e. að LÍ verði ekki gert skylt að bjóða upp á aðgang að GPRS þjónustu fyrr en að þremur árum liðnum frá því að GPRS er sett á sendi LÍ, vísað frá nefndinni, enda tekur úrskurðarnefnd aðeins til skoðunar ágreining sem þegar hefur verið lagður undir PFS til úrskurðar eða ákvörðunar sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 378/1999 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

5.7 Grein 4.10. um slitlaust reiki.

Þá krefst LÍ þess að gr. 4.10. í ákvörðun PFS um slitlaust reiki (seamless roaming) verði felld úr gildi og að úrskurðarnefnd ákveði að LÍ sé ekki skylt að bjóða upp á slíkt reiki. Styður fyrirtækið kröfu sína við tvenns konar rök; í fyrsta lagi að PFS hafi

brotið gegn 10. gr. og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvörðunarinnar og í öðru lagi að ólöglegt hafi verið að mæla fyrir um slitlaust reiki með því skilyrði að sá sem krefðist þess sýni fram á að fyrir liggja tæknileg lausn sem geri það mögulegt.

Við skoðun á þessu umkvörtunarefni telur úrskurðarnefnd að horfa verði til þess að hér virðist vera um tæknilega flókið úrlausnarefni að ræða og rannsókn PFS byggðist að öllum líkindum einkum á gögnum og upplýsingum frá aðilum sjálfum. Með hliðsjón af þessu virðist málatilbúnaður LÍ byggjast á því að PFS hefði átt að kalla eftir gögnum og upplýsingum frá báðum aðilum og að því búnu taka ákvörðun á grundvelli þeirrar rannsóknar. Með ákvörðun stofnunarinnar má hins vegar segja að stofnunin hafi sett slíkt rannsóknarferli í gang með því að gera OGF að sýna fram á að slíkt reiki sé mögulegt, en það liggur fyrir að aðilar hafa hingað til ekki látið reyna á það hvort slíkt reiki sé mögulegt. Með því er PFS hins vegar ekki að leggja það í vald OGF hvort að LÍ verði gert að bjóða upp á slitlaust reiki eins og LÍ heldur fram, heldur er stofnunin með þessu að setja OGF skilyrði, sem er LÍ í hag. Þá liggur fyrir að PFS verður að taka til skoðunar þá gagnrýni sem LÍ hefur á röksemdafærslu OGF fyrir því að slitlaust reiki sé mögulegt. Því er ljóst, að nái aðilar ekki samkomulagi um að veita slitlaust reiki, mun ágreiningsefnið koma aftur inn á borð PFS til úrskurðar.

Af ofangreindu leiðir að úrskurðarnefnd telur hvorki að PFS hafi með ákvörðun sinni brotið gegn rannsóknar- eða meðalhófsreglu stjórnsýslulaga eða ólöglegt hafi verið að mæla fyrir um að LÍ sé skylt að veita slitlaust reiki að því gefnu að OGF geti sýnt fram á að fyrir liggja tæknileg lausn sem geri það mögulegt. Kröfu LÍ um ógildingu ákvörðunar PFS í gr. 4.10. er því hafnað.

5.8 Grein 4.11. um senda inni á reikisvæðum

LÍ krefst þess að úrskurðarnefnd felli úr gildi gr. 4.11. í ákvörðun PFS þannig að tekin verði til greina krafa fyrirtækisins um að sendar OGF séu ekki inni á skilgreindum reikisvæðum. Byggir LÍ einkum á því að stofnunin hafi brotið gegn rannsóknarreglu stjórnsýslulaga við ákvörðun sína, en það sé staðreynd að sendir OGF inni á reikisvæði geti valdið truflunum á kerfi LÍ á svæðinu, einkum ef sendar OGF bili. PFS hafi hins vegar ekki kannað málið frekar, heldur kosið að leggja fullyrðingar OGF um hið gagnstæða til grundvallar ákvörðun sinni. Þá heldur LÍ því fram að PFS hafi einnig brotið gegn meðalhófsreglu með ákvörðun sinni.

Þessa kröfu LÍ telur úrskurðarnefnd að verði að skoða í samhengi við þá aðstöðu sem PFS er í þegar henni ber að taka ákvörðun, en stofnunin verður að miklu leyti að reiða sig á gögn frá aðilum sjálfum. Í þessu máli hagar þannig til að LÍ kveður senda inni á skilgreindum reikisvæðum valda sér vandkvæðum. Þó verður ekki séð að fyrirtækið hafi lagt fram gögn eða nefnt tiltekin dæmi sem stutt geti málatilbúnað þeirra. Þvert á móti lágu fyrir mótmæli af hálfu OGF í þá veru að þetta fyrirkomulag hafi gengið lengi án þess að það hafi valdið aðilum neinum vandkvæðum. Þá kveður PFS sig hafa búið yfir upplýsingum sem staðfesti að mjög sjaldgæft sé að sendar bili sem valdi vandkvæðum fyrir LÍ. Með hliðsjón af þessu telur úrskurðarnefnd að PFS hafi ekki brotið gegn rannsóknarreglu stjórnsýslulaga.

Þá telur úrskurðarnefnd að PFS hafi ekki brotið gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga með ákvörðun sinni eða að viðurkenning PFS á því að almennt eigi sendar OGF ekki að vera inni á skilgreindum reikisvæðum geti réttlætt ógildi ákvörðunarinnar.

Af ofangreindu leiðir að kröfu LÍ um ógildingu á gr. 4.11. í ákvörðun stofnunarinnar, er hafnað.

6. Úrskurðarorð

6.1 Krafa um frávísun

Kröfu Landsíma Íslands hf. um frávísun máls þessa er hafnað.

6.2 Grein 4.2. um ákvörðun reikisvæða

Fellð er úr gildi ákvörðun í gr. 4.2. í ákvörðunarorðum Póst- og fjarskiptastofnunar. Lagt er fyrir stofnunina að ákvarða reikisvæði að nýju á þeim svæðum/sendum sem greinin tiltekur.

6.3 Grein 4.3. um aðlögunartíma

Fellð er úr gildi ákvörðun í gr. 4.3. í ákvörðunarorðum Póst- og fjarskiptastofnunar. Lagt er fyrir stofnunina að ákvarða reikisvæði að nýju á þeim svæðum/sendum sem greinin tiltekur.

6.4 Grein 4.4. um reiki í Grímsey, Blöndu og Kárahnjúkum

Fellð er úr gildi ákvörðun í gr. 4.4. í ákvörðunarorðum Póst- og fjarskiptastofnunar. Lagt er fyrir stofnunina að ákvarða reikisvæði að nýju á þeim svæðum/sendum sem greinin tiltekur.

6.5 Grein 4.8. um aðgang að GPRS þjónustu.

Aðalkröfu Landsíma Íslands hf. þess efnis að nefndin felli úr gildi ákvörðun í 4.8. gr., er hafnað.

Vísað er frá varakröfu Landsíma Íslands hf. þess efnis að Landsímanum sé ekki skylt að bjóða upp á aðgang GPRS þjónustu fyrr en að þrem árum liðnum frá því GPRS er sett á sendi þess.

6.6 Grein 4.10. um slitlaust reiki.

Aðalkröfu Landsíma Íslands hf., þess efnis að nefndin felli úr gildi ákvörðun í 4.10. gr., er hafnað.

6.7 Grein 4.11. um senda inni á reikisvæðum

Aðalkröfu Landsíma Íslands hf., þess efnis að nefndin felli úr gildi ákvörðun í gr. 4.11., er hafnað.

Úrskurð þennan þarf að bera undir dómstóla innan sex mánaða frá því að aðilar fengu vitnesku um hann.

Reykjavík, 4. mars 2004

Ólafur Garðarsson, hrl., formaður

Guðjón Kárason, verkfr.

Heimir Haraldsson, endursk.